

tryggður með lögveði í eignum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

6. gr.

14. gr. hljóði svo:

Bæjarstjórn getur ákveðið að hækka eða lækka vatnsskatt allt að 50%.

7. gr.

16. gr. hljóði svo:

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000 nema þyngri refsing liggja við skv. lögum. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitunni skal bæta það eftir mati þar til kvaddra manna. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. september 1979.

F. h. r.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Jón Sigurpálsson.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag Krossár, Skarðshreppi, Dalasýslu.

1. Félagið heitir Veiðifélag Krossár. Heimili þess og varnarþing er Skarðshreppur, Dalasýsla.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Krossár, en þær eru Skarð, Á, Geirmundarstaðir, Kross, Reynikelda og Frakkanes.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgegnd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur samþykkir.

Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í okt/nóv. mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.
10. Viðauki: Ennfremur var samþykkt að eigendum, annars vegar að Krossvatni, Frakknesvatni og Ætulæk, og hins vegar að Krossá, ráðstafi einir málefnum þessara svæða, eins og lög gera ráð fyrir.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. sept. 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnheiður Árnadóttir

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundhöll Hafnarfjarðar.

1. Fullorðnir, einstök skipti	kr. 360
Ef keyptir eru 10 miðar í senn, kosta þeir	— 2 200
2. Börn, einstök skipti	— 160
Ef keyptir eru 10 miðar í senn, kosta þeir	— 750
3. 67 ára og eldri greiði ½ gjald.	
4. Sjúkrakort (samkv. læknisvottorði) ókeypis.	
5. Baðstofa: Almenningsstími	— 600
Ef keyptir eru 10 miðar í senn, kosta þeir	— 4 500
Einkatímar	— 3 000
6. Leiga á sundfötum, handklæðum, lökum og teppum	— 300

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. október 1979.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.